



**89. fundur Fjölskylduráðs Múlapings
haldinn í fjarfundi, þriðjudaginn 5. desember 2023
og hófst hann kl. 12:30**

Fundinn sátu:

Sigurður Gunnarsson formaður, Björg Eypórsdóttir varaformaður, Guðmundur Björnsson Hafþórsson aðalmaður, Guðný Lára Guðrúnardóttir aðalmaður, Ásrún Mjöll Stefánsdóttir aðalmaður, Eypór Stefánsson aðalmaður, Jóhann Hjalti Þorsteinsson aðalmaður, Þórlaug Alda Gunnarsdóttir áheyrnarfulltrúi, Sigurbjörg Hvönn Kristjánsdóttir fræðslustjóri, Júlía Sæmundsdóttir félagsmálastjóri og Marta Wium Hermannsdóttir starfsmaður fjölskyldusviðs.

Fundargerð ritaði: Sigurbjörg Hvönn Kristjánsdóttir, fræðslustjóri

Áheyrnarfulltrúar grunnskóla: Valdís Dögg Rögnvaldsdóttir, Arna Magnúsdóttir, Kristín Guðlaug Magnúsdóttir. Áheyrnarfulltrúar tónlistaskóla: Sóley Þrastardóttir, Áheyrnarfulltrúar leikskóla: Heiðdís Ragnarsdóttir, Erna Rut Rúnarsdóttir, Sigríður Alda Ómarsdóttir Björg Eypórsdóttir varaformaður yfirgaf fundinn undir lið 5 og tók Þórey Birna Jónsdóttir sæti hennar það sem eftir var fundarins.

Dagskrá:

1. 202310201 - Sjálfsmatsskýrslur grunnskóla 2023-2024

Fyrir liggur sjálfsmatsskýrsla Djúpavogsskóla. Þorbjörg Sandholt, skólastjóri Djúpavogsskóla fylgdi skýrslunni eftir. Skýrsluna á eftir að kynna fyrir skólasamfélaginu á Djúpavogi.

Skýrslan lögð fram til kynningar.

2. 202305309 - Gjaldskrá vegna húsnæðis grunnskóla Múlapings

Fyrir liggja drög að uppfærðri gjaldskrá fyrir notkun á húsnæði grunnskóla Múlapings. Breytingin snýr að því að nú er gisting skilgreind í gjaldskránni. Ein breyting verður gerð á drögunum bætt verður við orðinu umfram í setninguna og verður hún eftirfarandi: Verð 500 kr. án vsk. nóttin á einstakling umfram 40.

Gjaldskrá er samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

3. 202309111 - Gjaldskrár 2024

Fyrir liggja gjaldskrár fræðslumála og gjaldskrár íþróttamannvirkja fyrir árið 2024.

Fjölskylduráð samþykkir fyrirbyggjandi gjaldskrár fræðslumála og gjaldskrár íþróttamannvirkja. Hækkunin er að jafnaði um 3,5%.

Jafnframt er fræðslustjóra falið að ráðast í heildstæða endurskoðun á gjaldskrár tengda frístund og fæðisgjaldi nemenda í leik- og grunnskólum.



Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

4. 202306013 - Sumarleyfi leikskóla 2024

Fyrir liggur uppfært minnisblað um sumarleyfi leikskóla 2024-2027.

Fjölskylduráð samþykkir að sumarlokun leikskóla verði 24. júní - 26. júlí 2024 í leikskólum Múlapings nema í Bjarkatúni, Djúpavogi þar verður lokað 8. júlí -12. ágúst 2024.

Fjölskylduráð leggur til að myndaður verði starfshópur með það að markmiði að skoða betri vinnutíma starfsfólks, að móta tillögur að framtíðarfyrirkomulagi sumarleyfa í leikskólum og skoða hvernig megi auka sveigjanleika fyrir fjölskyldur. Fjölskylduráð felur fræðslustjóra í samráði við formann fjölskylduráðs að gera drög að erindisbréfi fyrir starfshópinn.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

5. 202311344 - Viðbrögð við fyrirhugaðri fjölgun leikskólabarna á Héraði

Undir þessum lið mætti Anna Birna Einarsdóttir, skólastjóri Fellaskóla.

Ráðið felur fræðslustjóra að taka saman áætlun um fjölgun leikskólabarna til næstu 10 ára svo hægt sé að áætla þörf á leikskólaplássi á Héraði.

Málið áfram í vinnslu.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

6. 202012045 - Skýrsla fræðslustjóra

Lagt fram til kynningar

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 16:00

